

Frjálsir fjölmiðlar - ljósgjafar lýðræðisins

Blaðamannafélag Íslands skorar á stjórnmaflokkan á Íslandi í aðdraganda Alþingiskosninga 2021 að gera það að stefnumáli sínu að tryggja það að á Íslandi fái þrífist frjálsir, sjálfstæðir og óháðir fjölmiðlar.

Fjölmiðlar eru grundvöllur lýðræðislegrar umræðu og lýðræðislegra samfélaga, um það er ekki deilt. Það er einnig óumdeilt að rekstrarumhverfi fjölmiðla hefur versnað mikið á undanförunum árum. Ástæðan er fyrst og fremst stórfelldar breytingar á fjölmiðlamarkaði með tilkomu erlendra efnisveitna, samfélagsmiðla og tæknirisa á borð við Facebook og Google sem soga til sín æ stærri hluta af auglýsingafé. Þá hefur sú þróun orðið að færri eru tilbúnir til þess að greiða fyrir fréttir eða fréttatengt efni vegna þess mikla framboðs sem er af fríu fréttæfni á netinu

Þetta breytta umhverfi og neysluhegðun var dregin fram í skýrslu um rekstrarumhverfi fjölmiðla frá árinu 2018 sem unnin var að beiðni menntamálaráðherra. Leiða má líkum að því að rekstrarumhverfið hafi versnað til mikilla muna frá því skýrslan kom fram því samkvæmt nýlegum tölum frá Hagstofu Íslands hafa tekjur íslenskra fjölmiðla dregist enn meira saman frá því skýrslan var gerð og tæknirisarnir taka nú til sín fjórar af hverjum tíu krónum sem íslensk fyrirtæki verja til auglýsinga.

Staða fjölmiðla er ekki einkamál fjölmiðlanna sjálfra heldur varðar hún samfélagið allt. Sterkir, öflugir fjölmiðlar eru forsendur fyrir því að hægt sé að veita stjórnvöldum og stórfyrirtækjum nauðsynlegt aðhald. Sú staðreynd, að Ísland hefur færst niður á lista Blaðamanna án landamæra (RSF) er áhyggjuefni, ekki síst í ljósi þess að hinar

„Tekjur íslenskra fjölmiðla dregist enn meira saman“

„Fjölmiðlar eru grundvöllur lýðræðislegrar umræðu og lýðræðislegra samfélaga“

Norðurlandapjóðirnar raða sér í efstu sæti listans, þar sem Ísland ætti einnig að vera. Það ætti að vera markmið hvers lýðræðissamfélags, hverrar ríkisstjórnar, hvers löggjafarþings, að gera það sem í þeirra valdi stendur til þess að tryggja öfluga, frjálsa og sjálfstæða fjölmiðlastarfsemi í landinu. Því skorar

Blaðamannafélag Íslands á þá flokka sem bjóða fram í komandi Alþingiskosningum að taka upp tillögur að nauðsynlegum breytingum sem félagið telur stuðla að því að forsendur fyrir rekstri fjölmiðla gjörbreytist. Að auki skorar Blaðamannafélagið á stjórnmaflokka að hafa í huga samfélagslega ábyrgð sína og mikilvægi fjölmiðla fyrir lýðræðislega umræðu í samfélaginu þegar ákvörðun er tekin um birtingu auglýsinga. Bí hvetur stjórnmaflokka til að setja sér stefnu, sem birt er opinberlega, um hlutfall auglýsingafjármagns sem veitt er til erlendra miðla, og jafnframt að birta að kosningum loknum sundurliðun á því hve miklu fjármagni var varið til erlendra miðla annars vegar og íslenskra hins vegar.

Tillögur Bí til eflingar rekstrarumhverfis íslenskra fjölmiðla:

Í skýrslu um rekstrarumhverfi fjölmiðla frá árinu 2018 sem unnin var að beiðni menntamálaráðherra er að finna tillögur sem Blaðamannafélag Íslands hvetur stjórnvöld til þess að útfæra í samvinnu við hagsmunaaðila. Þær eru útlístaðar hér að neðan með tillögum Bí um útfærslu og fleiri bætt við.



1.

Stuðningur til einkarekinna miðla

Ein af tillögum skýrslunnar er nú orðin að lögum og hefur BÍ lýst ánægju sinni með þá grundvallarstefnubreytingu sem þau marka hvað varðar opinberan stuðning til einkarekinna fjölmiðla. Lagasetning þessarar tegundar er fyrsta skrefið í að viðurkenna mikilvægi fjölmiðla fyrir virkni lýðræðis í landinu og því aðhaldi sem það veitir. Efnahagslegar forsendur fyrir rekstri fjölmiðla þurfa að vera fyrir hendi til þess að þeir geti sinnt hlutverki sínu sem helsti farvegur tjáningarfrælsis og aðhalds í landinu.

Þó svo að Bláamannafélagið fagni því að Ísland fylgi fordæmi hinna Norðurlandabjórðanna sem hafa með góðum árangri um langt skeið styrkt einkarekna fjölmiðla með ýmsum hætti, er rétt að áréttta að nauðsynlegt er að auka það fé sem veitt er til fjölmiðla, endurskoða úthlutunarreglur, meðal annars svo þeir nái til fleiri miðla og gera úrræðið varanlegt.

3.

Skattlagning erlendra tæknirisa

Sívaðandi hlutdeild erlendra tæknirisa í auglýsingamarkaði á Íslandi er verulegt áhyggjuefni í ljósi þeirrar skökku samkeppnisstöðu sem íslenskir fjölmiðlar eru í gagnvart þeim. Nauðsynlegt er að bregðast við án tafar og skattleggja þessi erlendu fyrirtæki. Þannig myndi samkeppnisstaðan skána en hægt væri að ganga enn lengra til stuðnings íslenskum fjölmiðlum og láta það fjármagn sem skattlagning erlendu tæknirisanna skilar renna í sérstakan sjóð sem væri úthlutað óskert til íslenskra einkarekinna miðla.

4.

Stofnun fjölmiðlasjóðs


Lagt er til að stofnaður verði fjölmiðlasjóður sem hafi meðal annars það hlutverk að efla rannsóknarblaðamennsku og nýsköpun í fjölmiðlun. BÍ telur nauðsynlegt fyrir sjálfstæði sjóðsins að hann verði í umsjón félagsins. Sjóðurinn gæti verið fjármagnaður með styrkjum úr ríkissjóði, frá BÍ og Félagi fréttamanna/BHM og öðrum fag- og stéttarfélagum sem og framlögum frá einkafyrirtækjum og stofnunum.

2.

RÚV fari af auglýsingamarkaði

Lagt er til að taka RÚV af auglýsingamarkaði sem BÍ telur nauðsynlegt skref í átt til hagfelldara rekstrarumhverfis fyrir einkarekna fjölmiðla. Bláamannafélag Íslands leggur á það höfuðáherslu að RÚV verði ekki tekið af auglýsingamarkaði nema rekstur stofnunarinnar verði tryggður með auknum fjárveitingum úr ríkissjóði sem vega muni upp á móti tekjutapi þegar auglýsingasölu verður hætt.


Þá er nauðsynlegt að tryggja fjárveitingu til RÚV til lengri tíma, til að mynda 8-10 ára í senn og setja ákvæði inn í þjónustusamning þess efnis. Enn fremur þarf að tryggja sjálfstæði fréttastofu RÚV innan stofnunarinnar, til að mynda með því að girða fyrir það að starfsemi fréttastofu RÚV verði skorin niður, fari svo að fjárveitingar til stofnunarinnar verði skertar.



5.

Kaup hins opinbera á auglýsingum

Það ber vott um skilningsleysi á mikilvægi íslenskra fjölmiðla fyrir lýðræðislega umræðu að stjórnaráflokkar og opinberar stofnanir og ríkisfyrirtæki skuli verja æ stærra hlutfalli auglýsingafjármagns í birtingar auglýsinga á erlendum miðlum. Blaðamannafélag Íslands skorar á stjórnaráflokkanana og stjórnvöld að setja sér stefnu, sem birt er opinberlega, um hlutfall auglýsingafjármagns sem veitt er til erlendra miðla, og jafnframt að birta árlega sundurliðun á því hve miklu fjármagni var varið til erlendra miðla annars vegar og íslenskra hins vegar.



6.

Hagfelldara skattaumhverfi

Meðal þeirra aðgerða sem beitt er á hinum Norðurlöndum til styrktar einkareknum fjölmiðlum eru ýmiss konar skattaafslættir. Meðal þess sem grípa mætti til hér á landi er að lækka eða afnema virðisaukaskatt áskrifta hjá öllum tegundum fjölmiðla. Þá gefur hin alvarlega staða í rekstrarumhverfi fjölmiðla tilefni til þess að veita fjölmiðlum undanþágu frá greiðslu tryggingagjalds.

7.

Mismunun í birtingu áfengisauglýsinga leiðrétt

Þí bendir á það misræmi sem ríkir milli erlendra og íslenskra miðla hvað varðar tekjumöguleika af birtingu áfengisauglýsinga. Með aukinni notkun Íslendinga á erlendum fjölmiðlum, samfélagsmiðla og efnisveitna hafa forsendur fyrir banni gegn birtingu áfengisauglýsinga brostið og mismunun orðið til. Íslenskir fjölmiðlar ættu að hafa sömu tækifæri til fjármögnunar á grundvelli birtingar áfengisauglýsinga og erlendir miðlar sem eru á sama markaði.

8.

Stuðningur við textun og talsetningu

Eitt af því sem bent hefur verið á, meðan annars af höfundum fyrrnefndrar skýrslu um rekstrarumhverfi fjölmiðla, er hve mikill kostnaður hlýst af textun og talsetningu ljósvakaefnis. Lagt hefur verið til að stjórnvöld styðji textun og talsetningu sem væri annað hvort í formi endurgreiðslu tiltekins hlutfalls af kostnaði fjölmiðla eða sem styrkir.

